

Landsnet hf.
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Reykjavík, 9. desember 2019
UST201911-103/H.H.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Glerárdalur - jarðstrengur og strengbrú

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Landsnets hf., dagsett 18. nóvember 2019, um leyfi til lagningar jarðstrengs og strengjabrúar í Glerárdal ásamt niðurrifi á eldri loftlínu.

Glerárdalur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 585/2016. Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi, innan fólkvangsins eru háðar leyfi bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010 og Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

Uppbygging flutningsmannvirkja raforku um fólkvanginn skal vera í samræmi við staðfest aðalskipulag Akureyrarkaupstaðar, þingsályktun um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína nr. 11/144 og raforkulög nr. 65/2003.

Lýsing verkefnis:

Landsnet áformar byggingu 220 kV raflínu, Hólasandslínu 3, milli Akureyrar og Hólasands. Markmið framkvæmdar er að bæta orkunýtingu, auka flutningsgetu og tryggja stöðuleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi. Framkvæmdir við Hólasandslínu 3 felast m.a. í brúargerð yfir Glerárgil og lagningu tveggja jarðstrengssetta á 121m kafla innan fólkvangsins. Innan tveggja ára eftir að Hólasandslína 3 er komin í rekstur er gert ráð fyrir að taka niður Laxárlínu 1, en hún liggur innan fólkvangsins.

Strengbrúin kemur til með að þvera Glerárgil 60 metrum ofar en núverandi loftlína Landsnets, til móts við Breiðholtsveg, þar sem fólkvangurinn er um 120 metra breiður. Um 10 – 12 manns munu koma að framkvæmdinni sem mun fara fram sumarið 2020. Vélknúin tæki verða eingöngu á þröngu belti þar sem strengur og strengbrú þvera Glerárgil og verndarsvæðið. Framkvæmdinni fylgir slóðagerð, en að hluta til verður notaður núverandi reiðstígur norðan Glerárgils, en næst gili þarf að leggja nýjan slóða.

Raska þarf gljúfurbörmum við brúargerðina, raskið nær til lítills hluta fólkvangsins og er í nálægð við þegar raskað svæði. Í brúargerðina má gera ráð fyrir að notast þurfi við gröfu, fleyg, krana, vörubíl og steypubíl innan svæðisins. Þar sem yfirborð er gróið er leitast við að nýta svarðlag úr skurðstæði eins og kostur er. Grónu svarðlagi verður haldið aðskildu frá öðru uppgröfðu efni þannig unnt sé að leggja það yfir skurðsárið í lokafrágangi.

Stefnt er á að brúargerð verði sumarið 2020 og sumarið 2021 verði jarðvinna og útlögn sjálfs jarðstrengsins. Jarðstrengir verða lagðir í skurð beggja vegna árgils að enda ídráttarröra sem liggja út frá brúnni. Framkvæmdartími 2021 innan fólkvangsins er áætlaður 3-4 vikur. Strengskurðurinn er grafinn og ef klöpp er í skurðarstæðinu er hún fjarðlægð með fleygum.

Innan tveggja ára eftir að jarðstrengurinn er kominn í rekstur er gert ráð fyrir að taka niður Laxárlínu 1. Þá er leiðari losaður af möstrum og spilaður inn á kefli áður en hann er keyrður í burtu. Eitt mastur Laxárlínu 1 er innan fólkvangsins, norðan Glerár. Mastrið verður fjarlæggt með að grafa frá staurum og draga staurana upp með gröfu. Svarðlag verður notað til að ganga frá raskaða svæðinu.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að áhrif framkvæmdar séu að mestu jákvæð og að áhrif á gljúfur Glerár séu ásættanleg enda um að ræða framkvæmd á svæði þar sem þegar hefur átt sér stað uppbygging. Við lagningu jarðstrengsins þarf að raska grónu landi en ætla má að það rask grói að fullu.

Strengbrúin mun hafa varanleg áhrif á gljúfur Glerár enda þarf að brjóta berg til að koma fyrir stoðum undir brúna. Taka verður tillit til þess að framkvæmdarstaður er skammt ofan byggðar á Akureyri og þar eru iðnaðarsvæði í nágrenninu. Svæðið er nokkuð raskað fyrir. Að teknu tilliti til þess að aðrar línur muni með tímanum víkja telst framkvæmdin hafa jákvæð heildaráhrif á ásýnd svæðisins.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Landsnet hf, fyrir sitt leyti leyfi fyrir lagningu jarðstrengs, uppsetningu strengbrúar og niðurrifi á Laxárlínu 1 innan Glerárdals sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir hvern verkþátt hefst og þegar þeim lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Gæta skal þess að framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður annar en sá sem þarf vegna framkvæmdar.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og þess gætt að allt sorp verði fjarðlægt.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.


Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústs dóttir
settur forstjóri

David Örvar Hansson
Davíð Örvar Hansson
sérfræðingur